

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

611. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 7. september 2009 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
2. Fundargerð aðalfundar Menningarráðs Norðurlands vestra frá 21. ágúst sl.
3. Fundargerð 766. fundar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 28. ágúst sl.
4. Fundargerð 17. Ársþings SSNV frá 21. – 22. ágúst sl.
5. Viðbygging verknámshúss FNV.

Afgreiðslur:

1. Ólafur H. Stefánsson, forstöðumaður tæknideildar er mættur til viðræðna við byggðarráð. Farið yfir helstu framkvæmdaverkefni m.a. viðhald Hvammstangabrautar/Norðurbrautar og Ásbrautar, viðhald vatnsveitu í Mjóadal, viðhald Hamarsréttar o.fl.
2. Fram lögð til kynningar fundargerð aðalfundar Menningarráðs Norðurlands vestra frá 21. ágúst sl.
3. Fram lögð til kynningar fundargerð 766. fundar stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga frá 28. ágúst sl.
4. Til kynningar lögð fram fundargerð 17. Ársþings SSNV frá 21. – 22. ágúst sl.
5. Fram lagt bréf fulltrúa sveitarfélaga í byggingarnefnd viðbyggingar verknámshúss Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Í bréfinu er gerð grein fyrir að stöðu þess verkefnis og áætluðum viðbótarkostnaði vegna lóðarframkvæmda, hönnunar- og eftirlitskostnaðar. Byggðarráð samþykkir að fresta afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

6. Rætt um framkvæmd samnings Húnaþings vestra og Vegagerðarinnar um bann við lausagöngu búfjár á tilteknum vegsvæðum í Húnaþingi vestra. Byggðarráð felur sveitarstjóra að koma ábendingum um nauðsynlegar úrbætur á framfæri við Vegagerðina v/ breytingar á vestæði Þjóðvegur 1 í Hrútafirði.

Fundagerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:00

Guðný H. Björnsdóttir(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.).
Elín R. Líndal(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).